

130 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Landsspítalasjóð Íslands,
 24. nóv. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 24. nóvember 1916.
 Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Land spítalasjóð Íslands.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Landsspítalasjóður Íslands

Hann er stofnaður með almennum samskotum um land alt, er konur hafa gengist fyrir, til minningar um stjórnsmálarjettindi íslenskra kvenna, fengin 19. júní 1915. Tilgangur sjóðsins er að styðja að því eftir megni, að sem fullkomnustum landsspítala verði sem fyrst komið á.

2. gr.

Sjóðurinn nemur í dag kr. 23729 09 — tuttugu og þrem þúsund, sjö hundruð tuttugu og níu krónum og níu aukum. Upphæð þessa má ekki skerða, heldur skal auka við hana eftir föngum þangað til umráðendum sjóðsins þykir rjett að taka til hans að meira eða minna leyti. Fje sjóðsins skal ávaxta á tryggum stað og leggja vexti við höfuðstól.

3. gr.

Kvenfjelög þau í Reykjavík, er í fyrstu gengust fyrir fjársöfnun til sjóðsins, en þau eru:

Hið íslenska kvenfjelag,
 »Hvíta bandið«,
 Kvenfjelag Frikirkjusafnaðarins,
 Kvenrjettindafjelag Íslands í Reykjavík,
 Lestrarfjelag kvenna í Reykjavík,
 Thorvaldsensfjelagið,
 Ungmennafjelagið »Íðunn«,
 Verkakvennafjelagið »Framsókn«,

kjósa árlega 5 kvenna nefnd hvert um sig til þess að starfa fyrir Landsspítalasjóðinn. Nefndir þessar kjósa svo úr sínum hóp í sameiningu jafnmargar konur og fjelögin eru, og hafa þær konur, er þannig eru kosnar, stjórn sjóðsins á hendi og gildir kosning þeirra til þriggja ára. Á sama hátt skulu kosnar jafnmargar konur í varastjórn, er tekur sæti í forföllum aðalstjórnarinnar, þannig að ein

kona úr hverju fjelagi eigi sæti í framkvæmdarstjórn og varastjórn. Farist það **130** fyrir, að nefnd úr einu eða fleirum áðurnefndra fjelaga taki þátt í kosningu sjóðs- 24. nóv. stjórnarinnar, skal tala kvenna í stjórninni fækka að sama skapi. Tvo endurskoðendur skal og kjósa, og kys fulltrúanefndin þá báða.

4 gr.

Stjórnarnefndin skal gera reikning um tekjur og gjöld sjóðsins fyrir hvert umliðið ár innan loka janúarmánaðar hvers yfirstandandi árs, í fyrsta skifti í janúar 1917. Reikninginn skal senda fulltrúanefndinni endurskoðaðan til yfirlits, og skal sjóðsstjórnin síðan birta hann í auglýsingablaði landsstjórnarinnar og auk þess í tveim viðlesnustu blöðum landsins.

5. gr.

Stjórnarnefndin hefir á hendi stjórn sjóðsins að öllu öðru leyti en því, að landsstjórnin á hlut í því með nefndinni að ákveða, hversu verja skuli sjóðnum eða tekjum hans, þegar landsspítali verður reistur.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 19. júní 1916.

Ingibjörg H. Bjarnason
(formaður nefndarinnar).

Inga L. Lárusdóttir
(ritari nefndarinnar).